

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2013

1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2013 voru 969 í dagskóla en að auki tóku 88 grunnskólanemendur áfanga í vali þannig að þau taka einn áfanga á einu ári. Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Aðsókn að haustönninni var heldur minni meðal eldri nemenda en árið áður auk þess var ekki séð fram á að hafa efni á því að taka alla inn. Fleiri nýnemar sóttu hinsvegar um en áður en þeir fengu allir skólavist. Fjölda á önn má sjá á meðfylgjandi töflu:

	vor 2013	haust 2013
Dagskólanemendur	969	1035
Fjarnámsnemendur	8	17
Grunnskólanemendur	88	98
Alls	<u>1065</u>	<u>1150</u>

Drengir eru nokkuð fjölmennari en stúlkur í heildina en aðsókn á einstaka brautir er ólík eftir kyni. Meirihluti nemenda er á stúdentsbrautum og stúlkur í meirihluta þar, síðan koma starfsnámsbrautir og verknámsbrautir en strákar eru þar í meirihluta. Nánar má sjá um þessa skiptingu eftir kyni á heimasíðu skólans undir „tölulegar upplýsingar“ slóðin er: <http://www.fss.is/skolinn/tolulegarupplýsingar/>

Flestir nemendur FS koma héðan af svæðinu eða 96 - 97% og flestir úr Reykjanesbæ eða 70%. Nánari dreifingu (meðaltal vor og haustannar) má sjá á meðfylgjandi töflu, einnig aldursdreifingu nemenda (einnig á „tölulegar upplýsingar“ <http://www.fss.is/skolinn/tolulegarupplýsingar/>)

Heimili	Hlutfall
Garður	8%
Grindavík	10%
Reykjanesbær	70%
Sandgerði	5%
Vogar	3%
Annarsstaðar frá	4%

Fæðingarár	Vor 2013	Haust 2013
1997		23,8%
1996	24,5%	21,4%
1995	21,7%	18,3%
1994	19,9%	16,1%
1993	12,9%	7,9%
1992	7,6%	4,7%
1991	3,0%	1,6%
Eldri	10,4%	6,1%

Ef grunnskólanemendur eru hafðir með í útreikningnum á hlutfallinu þá væru þeir 8,9% af heildinni hverju sinni.

2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans

<http://www.fss.is/namid/brautir/> . Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á haustönn 2012 hófst vinna við að þróa nýjar starfsnámsbrautir og smiðjur en styrkur fékkst frá ráðuneytinu til að útbúa slíkar brautir. Nú er þeirri vinnu lokið og farið er að tilraunakenna þessar nýju brautir. Núna eru fjórar starfsnámsbrautir og tvær smiðjur í gangi. Markmiðið er að þær geti orðið farvegur fyrir þá nemendur sem eru óráðnir og ráða ekki við hefðbundið bóknám. Með því geta þeir lokið formlegu námi í framhaldsskóla og útskrifast í anda nýrra laga með framhaldsskólapróf af viðkomandi braut. Fræðslumiðstöð alþýðu hefur þegar tekið eina af þessum brautum upp hjá sér og búið er að skrifa lýsingu á því hvernig hægt er að taka nemendur inn á hana í gegnum raunfærnimat.

Skipting nemenda á námsbrautir og meðalnámstími til útskriftar er eftirfarandi:

Námsbraut	Vor 2013	Haust 2013
Fornám	3,80%	3,60%
Almennt nám	8,90%	7,10%
Stutt starfsnám	3,70%	6,70%
Starfsnám	13,40%	15,10%
Verknám	11,10%	12,00%
Starfsbraut	4,30%	3,90%
Stúdentsnám	54,70%	51,50%
FÉ	42,00%	42,30%
MB	8,20%	7,30%
NÁ	35,70%	34,60%
VH	12,90%	14,70%
VN	1,10%	1,10%

Meðalnámslengd

	Vor 2013	Haust 2013
Allir	8,75	8,30
Stúdentar	8,17	7,80
MB	9	7,33
FÉ	8,73	7,96
VH	8,5	8,33
NÁ	7,12	7,28

Grunnskólanemendur væru tæp 9% af heildar háusaffölda á hvorri önn, ef þeir væru taldir með.

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* í samvinnu við Landlæknisembættið og á þessu skólaári er þemað geðrækt. Þess má geta að skólinn hefur fengið gullverðlaun í þeim tveimur hlutum sem búið eru.

Ennþá er í gangi þróunarverkefni sem við stöndum að í samstarfi við FSu og FVA og kallast *Endurskoðun og bæting á sjálfsmatskerfum* og gengur út á að meta árangur verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Annað þróunarverkefni sem unnið er að með FSu og FVA er að fjölga útgönguleiðum af trésmíða- og málmiðnabrautum.

Unnið er að grunndeild matvælagreina í samstarfi við MK, FSu og VMA og stefnan er að bjóða uppá nám í grunndeild matvælagreina á komandi önnum.

Ennfremur er unnið að uppbyggingu og skipulagi starfsbrautar í anda nýrra laga í samstarfi við VMA og FÁ og gengur sú vinna vel.

Skólinn er þátttakandi, ásamt öðrum skólum, í því að útbúa dæmabraut fyrir sjúkraliðanámið. Einnig er kennari skólans þátttakandi í vinnu við að útfæra grunndeild háriðna ásamt kennurum úr fleiri skólum.

Á vorönninni var farið af stað með afreksíþróttabraut fyrir knattspyrnumenn og á haustönninni fór til viðbótar af stað afreksbraut fyrir iðkendur í júdó og takewondo.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/skolinn/mat/>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatsskýrslu sem birt er í skólaskýrslunni og má nálgast á heimasíðunni <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/>. Í síðasta skólasamningi var sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum kennslumatið. Niðurstöður þriggja síðustu anna má sjá í töflunni hér að neðan. Markmið allra þátta auk brottfallsins náðust og freistast stjórnendur því til þess að álykta að skólastarfið sé gott og nemendum skólans líði almennt vel.

Markmiðið var að draga úr brottfalli um 1-1,5 prósentustig yfir tveggja ára tímabil og miðað við nýliðna haustönn þá er það að takast og vel það, því verulega hefur dregið úr brottfalli. Brottfall hefur því miður verið of mikið undanfarnar annir, miðað við þá sem ekki ljúka prófi en voru skráðir í upphafi, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Hafa verður í huga að þetta eru ekki allt nemendur sem hafa horfið frá námi heldur eru þarna taldir allir þeir sem voru skráðir í áfanga en hættu af einhverjum ástæðum í honum og tóku ekki próf. Hægt er að skoða skýrslu yfir átakið „*Nám er vinnandi vegur*“ og aðra skýrslu sem skilað var vegna utanumhalds yfir þá sem hættu í skólanum á liðinni önn en þeir voru 66.

Skólinn hefur í tvígang verið þátttakandi í skimunarverkefninu sem Stella Blöndal hefur séð um. Námsráðgjöf og utanumhald hefur verið aukið með þeim hópi sem er hvað lakastur og í mestri brottfallshættu en það eru nemendur í fornámi, smiðjum og starfsbraut. Þar á eftir koma nemendur á almennri braut. Áður hefur komið fram að nemendur sem teknir hafa verið inn í NVV átakanu eru viðkvæmari og í meiri brottfallshættu en hefðbundinn dagskólanemi. Miðað við niðurstöðuna má draga þá ályktun að þessi vinna hafi skilað árangri og því hafi dregið úr brottfalli. Einnig hefur námsframboð verið aukið með fjölgun á starfsnámsbrautum, námsráðgjöf verið aukin og kennsluháttum breytt. Lykilatriðið varðandi brottfall virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur FS eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga enn frekar úr brottfallinu. Markmiðið nú er að það verði komið niður í 6% að tveimur árum liðnum.

	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	viðmið
Kennslumat almennt	4,2	4,15	4,21	4
Hvatningin	3,91	3,8	3,93	3,8
Hrósið	4,05	3,9	4	3,8
Líðan	4,38	4,37	4,38	4,25
Brottfall	11,5	10,2	7,5	10%
Hættu á önninni	88 (7,7%)	43 (4,4%)	66 (6,4%)	

Nýtingarhlutfall

Á töflunni hér að neðan er hægt að sjá nýtingarhlutfalið við upphaf annar, miðað við tölur teknar eftir að fresti til úrsagnar lauk og svo við lok annar. Það er varla hægt að reikna með því að hægt verði að auka nýtingarhlutfallið mikið meira. Því veldur að dregið hefur úr aðsókn í einstaka greinar verknáms og ekki er aðstaða til að taka mikið fleiri inn í grunnnámið en 12 nemendur, þannig að ef einhverjir falla út þá dregur úr nýtingunni. Einnig getur verið erfitt að ná tilskildum fjölda í efstu áfanga í tungumálum. Síðan er metið hversu hátt hlutfall nemenda stenst lokapróf og er þá miðað við þá sem taka próf. Af þessu má sjá að rétt rúmlega 80% þeirra sem taka próf standast þau að jafnaði. Árangur á vorönn hefur verið betri sem skýrist líklegast af því að þeir sem minnstan áhuga hafa fyrir námi eru hættir og halda ekki áfram á vorönn.

	vorönn 2013	haustönn 2013
Upphaf annar	92%	94%
Lok annar	85%	87%
Stóðust próf	83%	80%

3. Útskrift

Það voru 98 + 76 eða 174 nemendur útskrifaðir frá skólanum 2013, auk þess voru nemendur á almennri braut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Skipting útskrifaðra á annir og svið var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut.

Próf	vor 2013	haust 2013
Stúdentspróf	69	65
Verknámspróf	9	9
Framhaldsskólapróf/starfsnámspróf	8	4
Sjúkraliðar	14	
Starfsbraut	7	

4. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 96 á vorönn, þar af 83 kennarar, stundakennarar meðtaldir en þeir voru 2. Starfsmenn á haustönn voru 97, þar af 76 kennarar auk 8 stundakennara. Konur eru nokkuð fleiri en karlar en þær eru tæp 53% af heildarstarfsmannafjölda en karlar eru rúmlega 47%. Svipað hlutfall er innan kennarahópsins. Ef annað starfsfólk er skoðað þá er hlutfall kvenna marktækt hærra en karla, 66,7% á vorönn og 61,5% á haustönn. Nánar má skoða kynjaskiptinguna í starfsmannahópnum á heimasíðunni, á slóðinni

<http://www.fss.is/skolinn/tolulegarupplýsingar/>

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans

<http://www.fss.is/skolinn/skipurit/> .

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti í kennarahópnum miðað við haustönn 2013.

Meðalaldur starfsmanna	49,2 ár
Meðalstarfsaldur í FS	11,54 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu	16,13 ár
Meðalkennsluskylda	22,75 kst/viku
Fjöldi kennslustunda + álag á vorönn	1733,5 kst/viku
Fjöldi kennslustunda + álag á haustönn	1911,5 kst/viku
Nýtingarhlutfall	86-93%

5. Fjármál og rekstur

Skólinn hefur undanfarin ár verið að nýta uppsafnaðan afgang til að geta tekið inn fleiri nemendur en mikið atvinnuleysi er á svæðinu og því brýnt að geta boðið þeim sem vilja skólavist til að halda þeim virkum. Átakið NVV hefur einnig komið þarna inní. Það er hinsvegar ljóst að þessir nemendur eru ekki að skila sér til prófs í jafn miklum mæli og aðrir nemendur. Fjöldi þeirra gefur því ekki rétta mynd af tilkostnaðinum. Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er.

Með stöðugt auknum niðurskurði ár frá ári þá kemur að því að reksturinn stefnir í vandræði. Til að átta sig aðeins á þessu er fróðlegt að bera saman fjárveitingar til skólans árið 2008 reiknað á núvirði miðað við launa- og verðlagsvísitölur og þeirra fjárveitinga sem skólinn fær í reksturinn á næsta ári. Þar munar 195 milljónum og þar sem nemendum hefur ekki fækkað, fjölgað ef eitthvað er, og starfsmannafjöldinn er svipaður þá ætti öllum að vera ljóst að þetta er einungis tekið af búnaðarkaupafé og almennum rekstri. Slíkt getur ekki gengið til lengdar. Á haustönn 2013 var ljóst að það stefndi í vandræði með reksturinn ef ekkert yrði að gert. Þegar ljóst er að 80% af framlagi ríkisins fara í launakostnað, 13,1% í húsaleigu, ræstingu, hita og rafmagn og 2,4% í efniskaup fyrir

verknámsdeildir þá fer ekki að verða mikið eftir til að mæta öðrum rekstrarkostnaði eins og skrifstofuvörum, endurnýjun og viðhald á búnaði svo ekki sé talað um búnaðarkaup. Því var strax þá gripið til aðhaldsaðgerða og reynt að draga úr kostnaði eftir því sem hægt var. Dregið var úr kennslu og ýrústu aðhaldssemi gætt. Framan af haustönn var ekkert keypt inn og allt í biðstöðu. Í lok annar þegar ljóst var hver áramótastaðan yrði var hægt að kaupa og uppfæra nokkrar tölvur sem ekki var vanþörf á. Þetta getur gengið meðan ekki verða stóráföll með tækjabúnaðinn eða alvarleg veikindi starfsmanna. Nú eftir áramót hafa fengist uppbætur vegna starfsbrautar og brottfallsverkefnis sem er mjög gott og getur hjálpað til með reksturinn á næsta ári. Betra væri samt að fá þetta fyrr inn til að geta verið með heilbrigðari rekstur og nauðsynleg búnaðarkaup. Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast.

6. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við FSu og FVA og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Sótt hefur verið saman um þróunarstyrki og vinna skólarnir saman að innleiðingu nýrrar námskrár eins og kostur er. Stjórnendur þessara skóla hittast reglulega og bera sama bækur sínar.

FS hefur átt gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur FS með stjórnendum allra grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í kjarnagreinum eftir skólum. Í maí var síðan fundur faggreinakennara í þessum greinum þar sem farið var yfir stöðuna og áherslur á hvoru skólastigi fyrir sig og reynt að finna leiðir til að skilin milli grunn- og framhaldsskóla yrðu nemendum sem auðveldust. Stefnt er að því að þessir fundir verði haldnir reglulega framvegis. Ennfremur hófst á haustönn vinna við að búa til eina heildstæða menntastefnu fyrir svæðið allt. Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

FS hefur verið í samskiptum við aðila erlendis. Kennarar á starfsbraut fóru til Finnlands í haust með sex nemendur í nemendaskiptaverkefni sem þau voru þátttakendur í.

Á vorönn, nánar tiltekið um miðjan mars, var haldin samevrópsk ráðstefna á vegum skólans. Þetta var ráðstefna ungs fólks úr norðanverðri Evrópu, skammstafað MEP, en slíkar ráðstefnur eru haldnar reglulega. Alls voru það 65 ungmenni frá 11 ólíkum þjóðlöndum sem sátu ráðstefnuna fyrir utan heimamenn. Þetta var mjög vel heppnað og mikil ánægja þátttökuþjóðanna með þetta. Nánar má lesa um þetta í skólaskýrslunni á vef skólans.

7. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/>. Ný skólanefnd var skipuð í janúar og skipan hennar má sjá á heimasíðunni ásamt fundargerðum skólanefndar, <http://www.fss.is/skolinn/skolanefnd/>

Ný stjórn var kosin í foreldrafélaginu (<http://www.fss.is/skolinn/foreldrafelag/>)- á kynningarfundi fyrir foreldra nýnema á haustönn 2013.

Viðauki 1.

Rekstraryfirlit FS 2010-2013				
	2013	2012	2011	2010
	FS	FS	FS	FS
Dagvinna	398.144.800	399.055.179	359.582.822	330.628.115
Vaktaálag		47.482	87.721	92.278
Aukagreiðslur	1.766.039	2.543.779	8.825.871	5.453.674
Yfirvinna	104.234.678	114.464.771	117.814.590	106.823.459
Launatengd gjöld	119.883.376	122.477.798	119.711.590	109.112.454
	624.028.893	638.589.009	606.022.594	552.109.980
Fundir, námskeið og risna	3.155.584	3.257.576	2.315.194	771.039
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	1.212.700	211.600	245.515	119.780
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	5.767.260	3.993.901	3.674.923	232.553
Akstur	3.220.118	3.495.954	2.652.320	2.869.339
	13.355.662	10.959.031	8.887.952	3.992.711
Tímarit, blöð og bækur	779.756	1.017.259	1.218.646	1.110.491
Skrifstofuvörur og áhöld	5.342.295	6.299.192	7.205.774	7.648.109
Aðrar vörur	17.393.085	19.786.033	16.284.949	25.017.295
	23.515.136	27.102.484	24.709.369	33.775.895
Önnur sérfræðipjónusta	9.175.441	10.050.862	9.142.748	7.298.273
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	2.001.307	1.988.065	2.007.682	1.897.982
Prentun,póstur, augl., flutningar	2.310.242	1.747.025	2.272.916	1.725.808
Sími og ýmis leigugjöld	4.608.046	4.185.532	4.194.289	3.935.570
	18.095.036	17.971.484	17.617.635	14.857.633
Verkaup og byggingavörur	512.226	1.690.024	1.926.007	977.894
Rafmagn og heitt vatn	13.510.631	12.252.728	10.897.354	13.064.869
Húsaleiga og aðk. ræsting	96.558.047	94.335.228	88.520.819	90.593.180
	110.580.904	108.277.980	101.344.180	104.635.943
Brennsluefni og olíur	16.053	44.533	51.492	54.033
Verkstæði og varahlutir	278.044	302.507	477.133	317.652
	294.097	347.040	528.625	371.685
Vextir, bætur, skattar	551.826	448.061	399.767	513.545
Eignakaup	5.412.630	7.385.965	19.063.486	10.867.612
Tilfærslur	231.013	341.000	642.860	618.091
	6.195.469	8.175.026	20.106.113	11.999.248
Rekstrargjöld samtals	796.065.197	811.422.054	779.216.468	721.743.095
Sértekjur	(35.062.680)	(30.329.771)	-28.449.270	-30.068.606
	(35.062.680)	(30.329.771)	-28.449.270	-30.068.606
Aðrar rekstrartekjur	(13.018.848)	(13.504.500)	-14.905.312	-14.872.750
	(13.018.848)	(13.504.500)	-14.905.312	-14.872.750
Framlag ríkissjóðs	(768.951.972)	(732.975.495)	-712.406.679	-687.938.845
	(768.951.972)	(732.975.495)	-712.406.679	-687.938.845
Tekjur og framlag ríkissjóðs samtals	(817.033.500)	(776.809.766)	-755.761.261	-732.880.201
TAP/HAGNAÐUR samtals	(20.968.303)	34.612.288	23.455.207	-11.137.106